

Menningar- íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT), hér eftir nefnt verkkaupi og **Siglingaklúbburinn Knörr**, hér eftir nefnt verksali, gera með sér eftirfarandi

SAMNING

um rekstur siglinganámskeiða í Reykjanesbæ sumarið 2006 samkvæmt nánari skilgreiningu í samningi þessum.

Eftirlitsaðili samnings er skrifstofa MÍT.

1. grein.

Markmið námskeiðanna er að kenna börnum og unglíngum undirstöðuatriði í siglingum, m.a. með því að nota báta af gerðinni OPTIMIST. Ennfremur að kenna þátttakendum þær almennu öryggisreglur sem gilda á sjó og vötnum landsins og hvernig skuli bregðast við, ef óhöpp henda.

2. grein.

Verksali leggur til allan nauðsynlegan tækjabúnað vegna námskeiðanna og sér til þess að þau séu ætíð í fullkomnu lagi hverju sinni.

Áhersla er lögð á að verksali hafi hæfa leiðbeinendur við kennslu á námskeiðunum.

3. grein.

Verksali skal skila til eftirlitsaðila skýrslu að námskeiðunum loknum um framkvæmd þeirra og fjölda þátttakenda.

4. grein.

Fyrir samning þennan greiðir verkkaupi **kr. 300.000.-** (þrjú hundruð þúsund krónur) fyrir námskeiðahaldið. Greiðslufyrirkomulag skal vera í samráði við eftirlitsaðila. Allan annan kostnað við námskeiðin s.s. auglýsingar, greiðir verksali.

5. grein.

Verksali innheimtir og hirðir öll þáttökugjöld, en upphæðin skal vera í samráði við eftirlitsaðila. Aðstoð til klúbbsins á vegum Vinnuskóla Reykjanesbæjar, verði óskað eftir henni, skal gjaldfærð sem styrkur til siglingaklúbbsins.

6. grein.

Mál sem kunna að rísa út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjanes.

7. grein.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða frumrit, sitt handa hvorum aðila.

Gjört í Reykjanesbæ _____ 2006.

f.h. MÍT

f.h. Siglingaklúbbsins Knarrar